

REGLUR

um greiðslur fyrir gæslustörf í heimavistarskólum á skyldunámsstigi.

Fjármálaráðuneytið, fyrir hönd ríkissjóðs, setur hér með, að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga, eftirfarandi reglur um greiðslur ríkissjóðs fyrir gæslustörf í heimavistarskólum á skyldunámsstigi:

1. Hámarksgræiðslur ríkissjóðs miðast við eftirfarandi gæslustundafjölda á viku:

1.1

Nemendafjöldi í heimavist	Hámarksfjöldi gæslustunda til greiðslu á viku
6—10	24.75 klst.
11—20	24.75 + 0.65 á nem. umfram 10
21—50	31.25 + 0.44 — — — 20
51—80	44.5 + 0.63 — — — 50
81—	63.5 + 0.88 — — — 80

Ofangreind skrá miðast við, að nem. komi í skóla kl. 11.00 á mánudögum og fari kl. 16.15 á föstudögum.

- 1.2 Í þeim tilvikum, sem menntamálaráðuneytið kann að úrskurða umframgæslustörf í samræmi við ákvæði a)—c) liða 6. gr. reglna menntamálaráðuneytisins dags. 6. mars 1974, mun ríkissjóður greiða þann kostnað, sem af því leiðir.
- 1.3 Fyrirvari er gerður um hámark gæslustunda, þar sem skólastjóri hefur ekki aðstoðarfólk við kennslu eða gæslustörf.
2. Um kjör gæslufólks fer eftir kjarasamningum.
3. Sveitarfélög, er að skóla standa, greiða gæslufólki umsamin laun og endurkrefja ríkissjóð um hlutdeild ríkisins.
4. Reglur þessar gildi frá 1. janúar 1974, þar til öðruvisi kann að verða ákveðið.

Fjármálaráðuneytið, 6. mars 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Jón Sigurðsson.

REGLUR

um heimavistargæslu.

1. gr.

Til umsjónarstarfa í heimavistarskólum á skyldunámsstigi telst allt eftirlit með nemendum utan kennslutíma svo sem í heimavist, í borðsal, í útivist, í lestímun, við félagsstörf og í frítíma ásamt næturábyrgð og heilsugæslu, annarri en þeirri, sem læknir annast.

2. gr.

Skólastjóri skal gera áætlun um gæslustörf fyrir byrjun hvers skólaárs. Gæsluáætlun skal hljóta samþykki skólanefndar, svo og skriflegt leyfi sveitarstjórnar, ef hún fer fram úr gildandi reglum um greiðslur ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Áætlunin skal síðan send menntamálaráðuneytinu.

3. gr.

Skólastjóri ræður starfslið til gæslu að fengnu samþykki skólanefndar. Jafnan skal velja hið hæfasta fólk til starfsins.

4. gr.

Gæslufólk skal leitast við að veita nemendum hliðstæða umhyggju og vernd og þeir njóta á heimilum sínum. Gæslufólk skal halda uppi jákvæðum aga og hvetja nemendur og leiðbeina þeim um góða framkomu, reglusemi og umgengni.

5. gr.

Dvöl á heimavist skal vera eins stutt og mögulegt er án þess að námið skerðist nokkuð af þeim sökum, svo að tengsl barnanna við heimili þeirra rofni sem minnst. Æskilegt er að nemendur séu ekki lengur en 4 nætur að heiman í senn, nema 6 daga skólavika sé talin nauðsynleg, þá 5 nætur.

6. gr.

Vikuleg gæsluþörf með heimavistarnemendum, sem koma í skóla kl. 11.00 á mánudögum og fara úr skóla kl. 16.15 á föstudögum, er talin vera, við almennar aðstæður, eftirfarandi:

Fjöldi nemenda í heimavist	Gæslustundaþörf
6—10	24,75
20	31,25
50	44,5
80	63,5
100	81,0

Menntamálaráðuneytið úrskurðar gæsluþörf umfram framanritað, ef rökstudd beiðni þess efnis kemur frá skólum af eftirtöldum ástæðum:

- Að skóli hefjist fyrr á mánudögum.
- Að heimavistarhús séu tvö.
- Að 6 daga kennsluvika sé talin nauðsynleg vegna skerts námstíma.
- Að nemendur þurfi að dvelja í heimavist yfir helgi sökum veðurs eða samgangna.
- Að annir séu tvær vikur eða fleiri í senn, vegna samgönguferfiðleika.

7. gr.

Fjármamálaráðuneytið setur reglur um greiðslur ríkissjóðs á kostnaði vegna gæslustarfa. Kjör gæslufólks fara eftir kjarasamningum.

8. gr.

Reglur þessar, sem settar eru að höfðu samráði við samtök skólastjóra í heimavistarskólum og Samband íslenskra sveitarfélaga, gilda frá 1. janúar 1974 og fyrst um sinn, uns öðruvísi kynni að verða ákveðið.

Í menntamálaráðuneytinu, 6. mars 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.